

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin leitaði upplýsinga eftir föngum um áhrif þeirra breytinga sem felast í frumvarpinu á þeim stutta tíma sem gafst til umfjöllunar um málið. Rætt var við fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunarinnar. Nefndinni gafst ekki sá tími sem hefði þurft til að hafa samráð við hagsmunaaðila. Við umfjöllun í nefndinni kom þó mjög skýrt í ljós að málið er afar illa undirbúið af hendi sjávarútvegsráðuneytisins.

Þegar fulltrúar helstu hagsmunaaðila komu á fund nefndarinnar var þeim gert að tala fyrir máli sínu að viðstöddum öðrum hagsmunaaðilum sem hafa mjög andstæðar skoðanir á málinu. Þetta er nýjung í starfi sjávarútvegsnefndar sem féll í fremur grýttan jarðveg hjá fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Vélstjórafélagsins sem allir gengu af fundinum í mótmælaskyni. Starfandi formaður nefndarinnar hafnaði ósk minni hlutans um fundarhlé til að bera klæði á vopnin. Nefndin ræddi síðan við þá sem eftir sátu sem voru fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og dagabáta. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi fiskvinnslustöðva og Landssambandi fiskvinnslu án útgerðar.

Allir hagsmunaaðilar sem nefndin ræddi við og fékk umsagnir frá lögðust gegn því að málið yrði afgreitt, að frátöldum fulltrúa ASÍ sem tók ekki afstöðu til þess en sagði skoðanir skiptar hjá sínu fólki.

Við umfjöllun nefndarinnar um einstakar greinar frumvarpsins kom í ljós að meiri hlutinn hugðist taka málið óbreytt út úr nefndinni að undanskilinni einni orðalagsbreytingu auk þeirrar breytingar að við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laganna yrði ráðherra óbundinn af því hvort um væri að ræða úthlutun vegna aflabrests eða vegna atvinnuvanda í byggðarlögum vegna skorts á veiðiheimildum.

Það er skoðun minni hlutans að málið sé allt vanreifað og stórgallað. Hleypta á af stað kapphlaupi vegna línuívilnunar í þorski fjórum sinnum á ári. Ráðherra á svo að ákveða hvort ástæða þykir til að hafa sama hátt á vegna annarra tegunda.

Byggðakvóti yrði lagður af á tveim árum samkvæmt frumvarpinu. Í stað hans yrði öllum aðgerðum vegna vanda sjávarbyggða beint inn í 12.000 tonna pott skv. 9. gr. laganna og öll framkvæmd sett undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra sem hefur reyndar lýst sig almennt andvígán byggðakvóta. Það er álit minni hlutans að veruleg hætta sé á því að aflaheimildir sem falla undir byggðakvóta nú glatist úr byggðarlögum sem hafa þurft sárlega á þeim að halda.

Afnám byggðakvótans og skerðingar á aflaheimildum krókabáta sem felast í frumvarpinu virðast á ýmsum stöðum geta orðið umtalsvert meiri en hugsanleg línuívilnun miðað við veiðar á síðustu árum. Ekki verður séð í fljótu bragði hvernig byggðavandaákvæði nýtast á móti skerðingunum. Á meðan málið hefur ekki verið skýrt betur virðist staða byggðarlaga

sem hafa haft byggðakvóta eða umtalsverðar veiðiheimildir í byggðapotti krókaflamarksbáta í algeru uppnámi. Það er sérstök ástæða til að gagnrýna að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar um hvaða heimildir verða til ráðstöfunar fyrir einstök byggðarlög sem hafa þurft að treysta á úrræðin sem nú á að leggja af.

Þá bendir minni hlutinn á að bátar sem nota beitningatrektar fá ekki ívilnun þótt slíkar veiðar séu í raun mjög sambærilegar og mikil spurning er hvort jafnræðis sé gætt með því að sniðganga þann flokk báta fyrst línuívilnun er á annað borð komið á.

Ekki er tekið á málefnum dagabáta í frumvarpinu en skerðing á veiðirétti þeirra er nú þegar mikil. Bátarnir höfðu 23 daga áður en 19 nú og stefnir hratt í að útgerð margra þeirra leggist af á næstu árum. Slíkt hefði mikil byggðaleg áhrif þar sem engin nýliðun er í útgerð fiskiskipa við Ísland.

Samkvæmt frumvarpinu yrði ráðherra gefin heimild til verulegrar aukningar á svokallaðri tegundatilfærslu sem felst í því að útgerðarmenn mega breyta einni fisktegund í aðra. Þetta er afar umdeilt fyrirkomulag. Auk þess hafa úrræði til að koma með aukaafli að landi verið rýmkuð nýlega með svokölluðum hafróafla. Nýting tegundatilfærslu hefur stundum orðið til þess að ákveðin tegund hefur ekki verið fullnýtt og einnig hefur hún leitt til þess að meira hefur verið veitt af einstökum tegundum en Hafrannsóknastofnunin hefur ráðlagt.

Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu línuívilnun í aðdraganda síðustu kosninga. Sjávarútvegsráðherra lýsti því margsinnis yfir í sumar að hann þyrfti drjúgan tíma til að undirbúa málið. Þrýstingur frá starfandi formanni sjávarútvegsnefndar Alþingis virðist hafa valdið því að ráðherrann kastar nú algerlega vanbúnu máli fram til umfjöllunar á Alþingi.

Minni hlutinn átelur harðlega þessi vinnubrögð við undirbúning málsins og leggst gegn samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 2003.

Jóhann Ársællsson,
frsm.

Kristján L. Möller.

Jón Gunnarsson.

Grétar Mar Jónsson.

Fylgiskjal I.**Ályktun frá fundi formanna aðildarfélaga
Sjómannasambands Íslands um línuívilnun.**

Fundur formanna aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands haldinn 17. og 18. október 2003 mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að taka upp svokallaða línuívilnun til dag-róðrabáta sem róa með línu. Jafnframt mótmælir fundurinn nú sem endranær hvers konar sér-tækum aðgerðum stjórnvalda við úthlutun aflaheimilda, nema sérstakar aðstæður skapist vegna aflabrests á einstökum fisktegundum.

Öllum ætti að vera ljóst, þar sem heildarafl er takmarkaður, að verði einum hópi útgerða veitt ívilnun í aflahlutdeild eða aflamarki hlýtur sú ívilnun að verða tekin frá öðrum. Slíkt leiðir aðeins til mismununar innan atvinnugreinarinnar.

Línuívilnunin sem rætt er um að taka upp mun að stærstum hluta koma til smábáta. Frá því aflamarkskerfið var tekið upp hafa smábátar aukið afla sinn verulega á kostnað aflamarksskipa og ljóst að með kröfu um línuívilnun er ætlunin að ná enn stærri hluta af veiðiheimildunum til smábátaflotans. Fundurinn mótmælir sífelldri undanlátssemi við þennan bátaflokk og krefst þess af stjórnvöldum að þau láti nú þegar af þeirri undanlátsstefnu við smábáta sem stunduð hefur verið undanfarin ár.

Fylgiskjal II.

*Aðalsteinn Þorsteinsson,
forstjóri Byggðastofnunar:*

Bréf til sjávarútvegsnefndar. (11. desember 2003.)

Af hálfu sjávarútvegsnefndar Alþingis hefur nú í dag verið óskað umsagnar Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, 428 mál, á þingskjali 594. Var undirrituðum einnig gefinn kostur á því að koma á fund nefndarinnar nú í kvöld, en á þess því miður ekki kost með svo stuttum fyrirvara.

Í upphafi er rétt að geta þess að Byggðastofnun hefur ekki verið kynnt frumvarp þetta sérstaklega, og ekkert hefur verið um það fjallað af starfsmönnum eða stjórn stofnunarinnar. Ber að skoða svar þetta í því ljósi.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu gengur það í meginatriðum út á að tekin verði upp línuvinnun fyrir dagróðrabáta, enda sé línan beitt í landi, og að auknar verði heimildir til að koma byggðarlögum til aðstoðar með úthlutun sérstakra aflaheimilda með vísan til þar til greindra aðstæðna. Þá er einnig lagt til að sérheimildir Byggðastofnunar til úthlutunar aflaheimilda minnki og falli alveg niður að afloknu fiskveiðiárinu 2005/2006.

Byggðastofnun hefur haft til ráðstöfunar svokallaðan byggðakvóta frá árinu 1999. Í samræmi við heimild í lögnum um stjórn fiskveiða, hefur Byggðastofnun úthlutað byggðakvóta á rekstraraðila í 11 byggðarlögum víðsvegar um landið. Þrjú þessara byggðarlaga eru á Vestfjörðum, tvö á Norðurlandi og sex á Austurlandi. Samdar voru sérstakar reglur um val á þeim byggðarlögum sem til greina komu við úthlutunina. Reglurnar voru þannig úr garði gerðar að þær tryggðu sem best að þau byggðarlög sem lent höfðu í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi fengju byggðakvóta til samræmis við vanda þeirra. Það er mat Byggðastofnunar að áhrif þess byggðakvóta sem stofnunin hefur haft til ráðstöfunar séu almennt séð jákvæð. Einkum á þetta við í þeim sveitarfélögum þar sem náðst hefur bærilæg samstaða um úthlutun heimildanna. Það má þó vissulega finna dæmi þar sem ekki hefur tekist jafn vel til. Það er þó ljóst að þar sem hér er einungis um að ræða 1500 þorskígildistonn þá vega þau ekki þungt í heildar atvinnusköpun á landsbyggðinni. Áætluð margfeldisáhrif þessarar úthlutunar eru 3 – 4 föld ef miðað er við þá samninga sem gerðir voru og reynsluna af þeim. Umboðsmaður Alþingis hefur gert nokkrar athugasemdir við aðferðir við úthlutunina, en það er álit Byggðastofnunar að þær séu smávægilegar, og auðvelt að laga úthlutun að þeim.

Að svo miklu leyti sem úthlutun byggðakvóta er hugsuð sem byggðaaðgerð er það álit undirritaðs að eðlilegt sé að stofnunin hafi hana með höndum. Til þess á hún að hafa öll verkfæri og upplýsingar undir höndum, auk reynslu af framkvæmdinni. Það er einnig álit undirritaðs að eftirsjá verði að þeim heimildum til úthlutunar byggðakvóta sem stofnunin hefur haft, í ljósi dæma um augljós jákvæð áhrif af úthlutun hans.

Að lokum skal það enn og aftur áréttað að stofnunin hefur ekki haft ráðrúm til þess að gera faglega úttekt á þýðingu einstakra þátta frumvarpsins, og ber að skoða þessar stuttorðu athugasemdir í því ljósi.

Fylgiskjal III.

Samtök eigenda sjávarjarða:

Bréf til sjávarútvegsnefndar.

(8. desember 2003.)

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða – línuívilnun. Útræðisréttur og eignarhlutdeild sjávarjarða í hafinu og auðlindinni umhverfis Ísland.

Samkvæmt fréttum, þá er í vinnslu lagafrumvarp á Alþingi um s.k. línuívilnun, þ.e. aukin hlutdeild veiðiskipa í fiskveiðikvóta í landhelgi Íslands. Samtök eigenda sjávarjarða vilja benda Alþingi Íslendinga á, að enn á ný er verið að ráðstafa úr sameiginlegri auðlind án samráðs við löglega meðeigendur, en Alþingi hefur ekki heimild eða umboð, samkvæmt stjórnarskránni, til þess að svipta eigendur sjávarjarða eignum sínum með því að samþykkja lög er taka yfir löglegar stjórnarskrárbundnar eignir og réttindi eigenda sjávarjarða eins og gert er með þessu lagafrumvarpi.

Samtök eigenda sjávarjarða taka í sjálfu sér ekki afstöðu til hugmyndarinnar um sk. línuívilnun sem slíkrar, en það er krafa þeirra að Alþingi virði rétt sjávarjarða og hafi fullt samráð við löglega meðeigendur að sjávarauðlindinni um aðgerðir sem hér eru boðaðar. Ef almenningsþörf krefst þess, og verði eigendur löglega skyldaðir til að láta af hendi þessa eign, skal fullt verð koma fyrir. Við fyrri aðgerðir og ráðstafanir á sjávarauðlindinni hefur eigendum sjávarjarða verið sýnt algjört fálæti og lögmætum kröfum þeirra hefur ekki verið sinnt. Tímabært er að breyting verði þar á.

Greinargerð:

Samtök eigenda sjávarjarða vilja vekja athygli yðar, sjávarútvegsnefndar Alþingis og allra alþingismanna á því, að sjávarjarðir á Íslandi eiga og hafa frá ómunatíð átt hlutdeild í sjávarauðlindinni. Eignarhlutdeild þessi byggist í fyrsta lagi á netlögum, sem er ákveðið svæði í einkaeign í sjó út af landi (samanber meðal annars 3. kapítula rekabálks Jónsbókar frá 1281, 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju, 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 14., 72., 77., og 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, 1. og 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 1. gr. laga nr. 64/1994 um fuglaveiðar, 1. og 2. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis). Í öðru lagi eiga sjávarjarðir fornan atvinnurétt, svokallað útræði/heimræði, sem metið hefur verið í fasteignamati og einnig hvalveiðiréttindi.

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Hafið og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafsins er í netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign.

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis.
- Sjórin og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Vísað er til þess, að með lögum um stjórn fiskveiða hefur eigendum sjávarjarða verið einhliða meinað að nýta þessa eign sína, án þess að fullt verð hafi komið fyrir, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og án þess að friðunarástæður eða önnur haldbær lagarök fyrir takmörkun eignarréttinda séu fyrir hendi.

Virðingarfyllst, f.h.
Samtaka eigenda sjávarjarða.

Ómar Antonsson, formaður.

Fylgiskjal IV.

*Jóhann Ársællsson, Kristján L. Möller
og Jón Gunnarsson:*

**Ósk um upplýsingar frá sjávarútvegsráðuneyti
vegna máls nr. 428.**

1. Yfirlit og skipting eftir sveitarfélögum og nýjum kjördæmum á afla krókaflamarksbáta sbr. 2. gr b. sem fellur út, samkvæmt frumvarpinu skipt eftir tegundum.
 3. mgr. verður nýtt ákvæði til bráðabirgða við lögin og jafnframt koma tveir nýir málsliðir í stað 1. málsli., svohljóðandi: Á fiskveiðiárinu 2004/2005 er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samtals 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan fisk, til krókaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaflamarksbáta. Á fiskveiðiárinu 2005/2006 skal ráðherra úthluta með sama hætti 250 lestum af ýsu, 250 lestum af steinbít og 75 lestum af ufsa.

Athugasemdir við 2. gr.

Í b-lið þessarar greinar er lagt til að heimild ráðherra til úthlutunar aflaheimilda til krókaflamarksbáta minnki um helming frá yfirstandandi fiskveiðiári til ársins 2004/2005 og loks aftur um helming frá því ári til ársins 2005/2006. Í ljósi þess að lagt er til að heimildin falli síðan niður þykir fara betur á því að ákvæðið sé gert að bráðabirgðaákvæði.
2. Yfirlit yfir veiddan afla á línu skipt eftir tegundum og skipt eftir sveitarfélögum og nýjum kjördæmum, síðastliðin fimm fiskveiðiár.
3. Yfirlit og skipting á byggðakvóta eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum, sem fellur út samkvæmt frumvarpinu.
 - a. Byggðakvóti sem Byggðastofnun útdeilir.
 - b. Byggðakvóti sem ráðherra útdeilir.
4. Yfirlit yfir úthlutaðan byggðakvóta nú nýlega (ráðherrakvóti)
 - a. Hjá hverjum hefur verið samþykkt?
 - b. Hjá hverjum hefur verið frestað/hafnað?
 - c. Hvaða dagsetningar hafa verið í gangi varðandi þennan kvóta?
5. Yfirlit yfir úthlutanir á kvóta samanber 9. gr síðustu 5 fiskveiðiár, hverjir hafa fengið og hvers vegna?
 - a. Dagsetningar á úthlutun vegna 9. gr.
 - b. Dagsetningar á úthlutun á „restinni“.
6. Hvenær hófst vinna í ráðuneytinu við gerð þessa frumvarps?
Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
 - a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Þá getur ráðherra ákveðið að eftirstöðvum aflaheimilda, sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. másl., eða hluta þeirra, verði ráðstafað í samráði við Byggðastofnun til stuðnings byggðarlögum, þannig:
7. Hvaða byggðarlög, að mati ráðuneytisins, mundu koma til greina m.v. stöðuna í dag á úthlutun byggðakvóta samanber 2 gr. a?
 - a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum á bolfiski.

8. Hvaða byggðarlög, að mati ráðuneytisins, mundu koma til greina m.v. stöðuna í dag á úthlutun byggðakvóta samanber 2 gr. b?
 - b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.
9. Hver verður skipting á þessum afla (3.375 tonnum) skipt eftir ársfjórðungum:
 - a. sept. – nóv.,
 - b. des. – febr.,
 - c. mars – maí,
 - d. júní – ágúst?

Línuívilnun í þorski skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002.
10. Hver verður heildarniðurskurður í tonnum talið og skipt eftir tegundum samanber þetta frumvarp, þ.e. vegna byggðakvótanna og úthlutunar til krókaafلامarksbáta sbr. 2. gr.? Skipt eftir sveitarfélögum og hinum nýju kjördæmum.
11. Hvert er leiguverð m.v. daginn í dag á þessum 3.375 tonnum?
12. Hvert er söluverð á þessum 3.375 tonnum af þorski m.v. daginn í dag?
13. Hvert er líklegt upphafshámark af ýsu og steinbít til línuívilunar 1. febr. 2004?

Fylgiskjal V.*Sjávarútvegsráðuneyti:*

**Svör við spurningum frá Kristjáni L. Möller, Jóhanni Ársælssyni
og Jóni Gunnarssyni vegna máls nr. 428.
(Reykjavík 11. desember 2003.)**

Spurning 1.

**Úthlutun aflaheimilda skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990,
um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

Staður	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Bakkafjörður	8.642	11.257	0
Bolungarvík	400.000	400.000	359.598
Breiðdalsvík	5.286	5.713	3.297
Dranganes	99.514	101.870	88.529
Flateyri	388.013	393.736	361.333
Ísafjörður	90.512	96.537	62.420
Ólafsvík	243.687	253.008	200.234
Sandgerði	26.384	31.004	4.843
Stöðvarfjörður	44.194	47.302	29.706
Suðureyri	169	9.533	0
Tálknafjörður	400.000	400.000	400.000

Miðað er við kg þorskígildi

Spurning 2.

Sjá fskj. I

Spurning 3a.

**Úthlutun aflaheimilda skv. bráðabirgðaákvæði nr XXVI, laga nr. 38/1990,
um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

Staður	1999/2000	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Bakkafjörður	72.000	72.000	72.000	72.000	72.000
Borgarfjörður eystri	112.000	112.000	112.000	112.000	112.000
Breiðdalsvík	181.000	181.000	181.000	181.000	181.000
Fáskrúðsfjörður	113.000	113.000	113.000	113.000	113.000
Grímsøy	92.000	92.000	92.000	92.000	92.000
Hofsós	114.000	114.000	114.000	114.000	114.000
Kaldrananeshreppur	63.000	63.000	63.000	63.000	63.000

Seyðisfjörður	67.000	67.000	67.000	67.000	67.000
Stöðvarfjörður	94.000	94.000	94.000	94.000	94.000
Vesturbyggð	205.000	205.000	205.000	205.000	205.000
Þingeyri	387.000	387.000	387.000	387.000	387.000

Miðað er við kg þorskígildis

Spurning 3b.

Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr 9. gr. hefur ráðherra 1.500 lestir til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Spurning 4.

Á yfirstandandi fiskveiðiári skiptist byggðakvótinn þannig milli einstrakra sveitarfélaga:

Sveitarfélög	Úthlutuð tonn
0 Sveitarfélagið Árborg	33,2
0 Sveitarfélagið Ölfus	20,7
+ Sandgerðisbær	92,6
+ Gerðahreppur	16,6
0 Snæfellsbær	34,6
+ Grundarfjarðarbær	18,0
+ Stykkishólmsbær	26,3
Vesturbyggð	76,0
0 Tálknafjarðarhreppur	15,2
0 Bolungarvíkurkaupstaður	66,4
0 Ísafjarðarbær	118,9
+ Súðavíkurhreppur	30,4
+ Árneshreppur	34,6
0 Kaldrananeshreppur	23,5
+ Hólmavíkurhreppur	56,7
+ Húnaþing vestra	55,3
+ Blönduósibær	65,0
+ Höfðahreppur	19,4
+ Sveitarfélagið Skagafjörður	20,7
+ Siglufjarðarkaupstaður	29,0
+ Ólafsfjarðarbær	29,0
+ Dalvíkurbyggð	37,3
+ Hríseyjarhreppur	49,8
0 Akureyrarkaupstaður	5,5
0 Grímseyjarhreppur	4,1
0 Grýtubakkahreppur	4,1
+ Húsavíkurbær	37,3
+ Öxarfjarðarhreppur	38,7
+ Raufarhafnarhreppur	49,8
+ Þórshafnarhreppur	59,4
+ Skeggjastaðahreppur	9,7

	Vopnafjarðarhreppur	24,9
+	Borgarfjarðarhreppur	20,7
0	Seyðisfjarðarkaupstaður	20,7
0	Mjóafjarðarhreppur	13,8
+	Fjarðabyggð	70,5
+	Búðahreppur	11,1
+	Stöðvarhreppur	29,0
0	Breiðdalshreppur	29,0
+	Djúpavogshreppur	47,0
0	Sveitarfélagið Hornafjörður	26,3
+	Vestmannaeyjabær	29,0

Spurningar 4a og 4b.

Sveitarfélög sem eru merkt + hér að ofan hafa samið reglur sem ráðuneytið hefur staðfest. Þau sem merkt eru 0 vildu að aflaheimildum yrði úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar. Þau sem eru ómerkt hafa ekki gefið fullnægjandi svör enn.

Spurning 4c.

Frestur er til 1. mars fyrir sveitarfélög til að ganga frá endanlegri skiptingu byggðakvótans. Þeir sem ganga frá sínum málum eru afgreiddir jafnóðum og tillögur þeirra berast.

Spurning 5a.

Sjá fylgiskjal II.

Spurning 6.

Í mars 2003.

Spurningar 7 og 8.

Nánari útfærsla á þessu yrði unnin í samráði við Byggðastofnun.

Spurning 9.

Áætluð skipting þorskafla eftir ársfjórðungum.

Ársfjórðungur	Skipting (%)	Magn línuvinnunar
sept. – nóv.	27,7	936
des. – feb.	34,1	1.151
mars – maí	24,7	835
júní – ágúst	13,4	453

Afli miðast við lestir af óslægðum þorski

Spurning 10.

Ráðuneytið treystir sér ekki til að svara þessari spurningu þar sem ekki er ljóst hvað mikið fellur til í sk. byggðakvóta við breytingu á 9. gr. laganna.

Spurning 11.

Verð á aflamarki er samkvæmt þeim upplýsingum sem sjávarútvegsráðuneytið hefur aflað í kringum 115 kr./tonn af þorski í almenna kerfinu og í kringum 80 kr./tonn í smábátakerfinu.

Spurning 12.

Miðað við meðaltalsverð allra fiskmarkaða var verð á þorski þann 10. desember 152 kr. á kíló. Lægsta verð var 69 kr. á kíló, hæsta verð 260 kr. á kíló.

Spurning 13.

Ekki verður sett hámark á ýsu og steinbít nema veiðar þróist með þeim hætti að sérstök ástæða þyki til.

Fylgiskjal II.

Spurning 5a

Úthlutun samkvæmt 9. gr. til einstakra báta vegna skerðingar í innfjarðarækju og hörpudiski.

Úthlutun hefur jafnan farið fram í upphafi hvers fiskveiðiárs.

Heimahöfn	Nr.	Nafn skips	1999/2000	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004
Þorlákshöfn	1752	Gissur ÁR 6		141.680	62.684		
Grindavík	124	Gaukur GK 660			41.113		
Grindavík	399	Kári GK 146	53.723	22.518	13.704	14.206	19.769
Grindavík	926	Þorsteinn GK 15			126.648	122.015	111.251
Grindavík	1006	Geirfugl GK 66				42.617	59.308
Grindavík	1105	Ólafur GK 33	161.169	67.556			
Grindavík	1873	Askur GK 65	53.723	22.518	13.704	14.206	19.769
Garður	102	Kristinn Friðrik GK 58					29.654
Garður	923	Röstin GK 120		22.518	13.704	14.206	19.769
Garður	1231	Þorkell Árnason GK 21	80.586	33.778	20.556	21.308	29.654
Garður	1371	Bergur Vigfús GK 100					19.769
Keflavík	120	Erling KE 140	161.169	67.556	41.113	42.617	59.308
Keflavík	929	Svanur KE 90	53.723				
Keflavík	1371	Guðfinnur KE 19	134.309	56.296	34.261	35.514	
Reykjavík	1228	Sigurgeir Sigurðsson RE 80	19.491				
Akranes	2323	Stapavík AK 132					34.000
Grundarfjörður	1399	Haukabergh SH 20				17.143	87.843
Grundarfjörður	1472	Klakkur SH 510				51.466	263.739
Grundarfjörður	1629	Farsæll SH 30				17.143	87.843
Stykkishólmur	182	Grettir SH 104				31.851	
Stykkishólmur	245	Þórsnes SH 108			26.249	73.584	275.735
Stykkishólmur	1252	Bjarni Svein SH 107				34.972	179.216
Stykkishólmur	1424	Þórsnes II SH 109				52.134	267.159
Stykkishólmur	1846	Kristinn Friðriksson SH 3			26.249	155.866	860.613
Stykkishólmur	1850	Gisli Gunnarsson II SH 85				15.387	78.853
Stykkishólmur	2274	Sandvík SH 53				123.113	83.251
Bolungarvík	361	Bryndís ÍS 69	18.968				
Bolungarvík	1109	Neisti ÍS 218	20.232				
Bolungarvík	1118	Sæbjörn ÍS 121	18.809				10.484
Bolungarvík	1222	Árni Óla ÍS 81	18.067				
Bolungarvík	1502	Páll Helgi ÍS 142	21.655				12.070
Bolungarvík	1686	Gunnbjörn ÍS 302	2.165				1.207
Bolungarvík	1791	Sædis ÍS 67	21.498				
Bolungarvík	1862	Hafrún II ÍS 365	18.809				10.484
Bolungarvík	1920	Þjóðólfur ÍS 86	18.809				10.484
Ísafjörður	612	Ritur ÍS 22	16.644				
Ísafjörður	780	Ver ÍS 120	16.644				
Ísafjörður	1148	Bára ÍS 66	73.114				

Ísafjörður	1181	Finnbjörn ÍS 37	16.644				
Ísafjörður	1303	Örn ÍS 31	47.503			41.480	
Ísafjörður	1344	Gissur hvíti ÍS 114	32.890		20.000		
Ísafjörður	1403	Halldór Sigurðsson ÍS 14				17.201	
Ísafjörður	1428	Dagný ÍS 34	16.644			9.277	
Ísafjörður	1436	Snæbjörg ÍS 43				30.624	
Ísafjörður	1440	Halldór Sigurðsson ÍS 14	30.860				
Ísafjörður	1440	Valur ÍS 20				23.985	
Ísafjörður	1787	Stundvís ÍS 883	16.644				
Ísafjörður	1907	Gunnvör ÍS 53	52.778		20.000	37.504	25.986
Ísafjörður	1977	Júlíus Geirmundsson ÍS 270					66.819
Ísafjörður	2019	Aldan ÍS 47	34.710		40.001	37.504	31.861
Súðavík	133	Trausti ÍS 111					29.195
Súðavík	824	Fengsæll ÍS 83	19.491				22.845
Súðavík	1240	Hafrún ÍS 154	22.228				
Súðavík	1403	Valur ÍS 420	34.710				
Djúpavík	1184	Dagrún ST 12	33.555	25259	26163,6	32118,9	29342,3
Drangsnæs	741	Grímsey ST 2	52.460	39.491	30.644	99.470	88.110
Drangsnæs	1232	Gunnhildur ST 29	28.576	21.512	16.693	22.083	
Drangsnæs	1396	Gunnvör ST 39	28.576	21.512	16.693	22.083	
Drangsnæs	1859	Sundhani ST 3	23.883	17.979	27.903	36.913	16.348
Drangsnæs	2008	Stefnir ST 47	23.883	17.979			
Drangsnæs	2406	Kristbjörg ST 6					39.121
Drangsnæs	7261	Stefnir ST 47					16.348
Hólmavík	1054	Sæbjörg ST 7	57.152	43.024	111.894	148.030	131.121
Hólmavík	1175	Donna ST 5			5.565		
Hólmavík	1434	Ásdís ST 37	143.929	108.350			
Hólmavík	1543	Hilmir ST 1	91.469	68.858	53.430	70.685	62.611
Hólmavík	2475	Sigurbjörg ST 55				7.362	6.521
Hvammstangi	1081	Harpa HU 4		25.833	20.044	26.519	23.490
Hvammstangi	1186	Haförn HU 4	34.316				
Hvammstangi	1834	Neisti HU 5	34.316	25.833	20.044	26.519	23.490
Blönduós	1102	Húni HU 62	76.258	57.408	44.546		
Skagaströnd	530	Hafrún HU 12	33.555				
Skagaströnd	656	Auðbjörg HU 6		25.259	65.540		
Skagaströnd	1236	Ólafur Magnússon HU 54	100.661	75.778	58.800	147.034	136.497
Sauðárkrókur	1876	Hafborg SK 54				123.113	83.251
Sauðárkrókur	1997	Jökull SK 33			126.936		
Sauðárkrókur	2102	Þórir SK 16			126.936	123.113	83.251
Sauðárkrókur	2274	Sandvík SK 188			126.936		
Hofsós	1581	Berghildur SK 137			126.936	123.113	83.251
Húsavík	586	Reistarnúpur ÞH 273			126.648		
Húsavík	1125	Gerður ÞH 110				87.937	77.001
Húsavík	1414	Haförn ÞH 26	141.680	62.684	87.937	87.937	77.001
Húsavík	1639	Dalaröst ÞH 40	141.680	62.684	87.937	87.937	77.001
Kópasker	1354	Viðar ÞH 17					222.500

Kópasker	1650 Þingey ÞH 51	126.648	122.015	111.251
Raufarhöfn	1354 Viðar ÞH 17		244.030	
Raufarhöfn	1538 Öxarnúpur ÞH 162	126.648		
<hr/>				
Míðað er við kg þorskígildi				